

Auglýsing um tollkvóta vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá Noregi og Sviss.

Með vísan til 65. gr. B búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum og til reglugerðar nr. 375/2026 er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir innflutning á kjöti úr dýrum af nautgripakyni og osti og ystingi, fyrir tímabilið 1. júlí 2026 til 30. júní 2027:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Tollskrárnúmer:</i>			kg	%	kr./kg.
ex0210.xxxx	<i>Nautgripkjöt - Vöruliður 0210:</i>	01.07.26-30.06.27	10.000	0	0
	<i>Kjöt af dýrum af nautgripakyni:</i>				
0210.2001	-- Beinlaust			0	0
0210.2009	-- Annars			0	0
0406.xxxx	<i>Ostur og ystingur:</i>	01.07.26-30.06.27	15.000	0	0

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt reglugerð nr. 1250/2019, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

Berist umsóknir um meira magn, en auglýstum tollkvóta nemur, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Umsóknar- og tilboðsferli vegna úthlutunar tollkvótans fer fram með rafrænum hætti á vefkerfinu tollkvoti.is. Nýskráning notenda í vefkerfið fer fram hjá atvinnuvegaráðuneytinu. Ef óskað er eftir nýskráningu notenda skal hafa samband við atvinnuvegaráðuneytið atr@atr.is. Sjá tengla á fyrir nánari [upplýsingar um vefkerfið](#) og [leiðbeiningar](#).

Opnað verður fyrir umsóknir á tollkvoti.is; mánudaginn 20. apríl 2026 og skulu umsóknir berast fyrir kl. 23.59, föstudaginn 1. maí 2026.

*Atvinnuvegaráðuneytinu,
20. apríl 2026.*